Miðvikudaginn 29. desember 1993.

Nr. 520/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
**Valgeiri Víðissyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1993, sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Við rannsókn máls þessa hefur komið fram, að varnaraðili og X voru í sömu flugvél til Lúsemborgar, fóru þaðan í sömu lest til Amsterdam og deildu þar hótelherbergi. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. desember 1993.**

Lögreglustjórinn í Reykjavík vinnur nú að rannsókn vegna kæru um ætlað brot á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986. Í tengslun við þessa rannsókn voru X og kærði handtekin á Keflavíkurflugvelli í gær. Við líkamsleit á X fundust 267 gr af ætluðu amfetamíni, sem hún hafði falið í leggöngum. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst X hafa farið til Lúxemborgar og Amsterdam að undirlagi og með kærða í þeim tilgangi að bera fíkniefni hingað til lands fyrir hann. Hann sé eigandi efnisins, og hafi hún átt að fá 250.000 krónur og allan kostnað af ferðinni greiddan. Kærði hafi afhent henni fíkniefnið, og hafi hann vitað, að um amfetamín var að ræða.

Engin fíkniefni fundust á kærða við leit á honum á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar hafi fundist fíkniefni og tæki til fíkniefnaneyslu við húsleit á heimili hans að Flugumýri 18 D í Mosfellsbæ, er gerð var í gær.

Kærði hefur neitað allri aðild að ofangreindum fíkniefnainnflutningi. Að

sögn lögreglustjórans í Reykjavík hefur kærði margoft orðið uppvís að fíkniefnamisferli, og sé nauðsynlegt, að hann sæti einangrun, meðan á rannsókn máls þessa stendur, því að ætla megi, að hann geti spillt sakargögnum með því að hafa áhrif á vitni og hugsanlega samseka, ef hann gengur laus.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað fangelsi skv. lögum nr. 65/1987 og reglugerð nr. 16/1986.

Með vísan til framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins. Ber því skv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. desember 1993 kl. 15.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Valgeir Víðisson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. desember 1993 kl. 15.00.